

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Hlemmur, reitur 1.240, umferðarskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 22. apríl 2022, breytingu á deiliskipulaginu Hlemmur og nágrenni, deiliskipulag stgr. 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag, sem samþykkt var 19. mars 2020 í borgarráði og tók gildi við birtingu auglýsingar nr. 319/2020 í B-deild Stjórnartíðinda 7. apríl 2020.

Í breytingunni felst að greinargerð deiliskipulagsins er uppfærð í samræmi við þessa breytingartillögu og fyrri breytingu, dags. 25. janúar 2021. Deiliskipulagið er samræmt við nýsamþykkt aðal-skipulag Reykjavíkur 2040. Lóðarmörkum Laugavegs nr. 107 er breytt þannig að lóðin nær eingöngu utan um núverandi hús (Hlemmur mathöll) ásamt byggingarreit A (viðbygging). Þremur nýjum lóðum er bætt inn á torgsvæðið, tvær lóðir utan um byggingarreiti C og D auk þess að stofnuð er lóð fyrir dreifistöð rafveitu við Þverholt. Byggingarreitir C og D, þar með lóðir þeirra, færðir í sundur. Bætt er við byggingarreitum fyrir sorpskýli á borgarlandi og sérskilmálum um nýtingu. Byggingarreitur E fyrir djúpgáma er felldur út. Reitur undir hjólaskýli, H, á norðurhluta Rauðarárstígs er stækkaður. Skerpt er á sérskilmálum byggingarreita og nú lóða til að endurspegla frekar tillögu hönnuða Hlemmtorgs. Sérými almenningsgangna og hjólastígum á Hverfisgötu er hliðrað lítillega til að koma lóðum betur fyrir. Breyttir skilmálar fyrir setsvæði og svið. Reitur biðstöðvarsvæðis almenningsgangna breytist í byggingarreit og reiturinn stækkaður til austurs. Bætt er við frekari upplýsingum um stöðu fornleifa á svæðinu. Byggingarreitum R+H við Þverholt er breytt í reit R2 fyrir veitumannvirki og tækniúnað og ný lóð, Laugavegur nr. 122, stofnuð undir reitinn. Bætt er við byggingarreit fyrir almenningssalerni norðan við Hlemm, sem verður Laugavegur nr. 107. Bætt er við umfjöllun um samræmi við frumdragaskýrslu Borgarlínu, lotu 1.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Leirulækur 4 og 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 27. apríl 2022, breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna lóðanna nr. 4 og 6 við Leirulæk.

Í breytingunni felst að lóð Leirulækjar 6 er stækkuð til vesturs að göngustíg ásamt því að lega stígs breytist, byggingarreitir fyrir útiskýli eru skilgreindir á lóð og nýtingarhlutfall verður 0,26.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 3. maí 2022.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 4. maí 2022